



Suðurlandsvegur. Yfirhæð fjarlægð.

## Framkvæmdir við Hringveg [1], Suðurlandsveg, hafnar að nýju

Áður birt á vegagerdin.is 10.05.2011

Um mánaðamótin apríl/maí hófst vinna við tvöföldun Suðurlandsvegur að nýju eftir vetrarhlé. Verktaki vinnur nú að því að fjarlægja farg sem sett var á hluta vegarins og er það jarðefni sem tekið er úr farginu notað í aðra hluta vegarins. Fljótlega verður einnig hafist handa við gerð reiðganga við Litlu kaffistofuna og einnig verður hafist handa við breikkun brúar yfir Fóelluvötn.

Verkið felst í tvöföldun Suðurlandsvegur, frá Lögbergsbrekku að Litlu kaffistofunni, u.þ.b. 6 km kaflí. Gerð verða ný vegamót við Bláfjallaveg, Bolaölduveg og Litlu kaffistofuna. Einnig verða gerð göng fyrir hestamenn við Litlu kaffistofuna. Það að auki þarf að lengja núverandi brú / ræsi yfir Fóelluvötn við Sandskeið. Búið er við að framkvæmdum við tvöföldun vegarins verði lokið haustið 2011 og að þá verði hægt að opna nýja veginn fyrir umferð. Eftir stendur þá ýmiskonar frágangur og malbikun á núverandi Suðurlandsvegi. Þessum verkþáttum verður að fullu lokið sumarið 2012. ■

## Niðurstöður útboða

### Yfirlagnir Norðaustursvæði 2011, klæðing 11-009

Tilboð opnuð 10. maí 2011. Yfirlagnir með klæðingu á Norðaustursvæði.

Helstu magntölur:

Yfirlagnir.....	670.000 m
Flutningur steinefna.....	10.300 m
Flutningur bindiefna.....	1.280 tonn

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2011.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3	Bikun ehf., Reykjavík	136.856.394	132,3	58.056
2	Borgarverk ehf., Borgarnesi	135.584.000	131,1	56.783
---	Áætlaður verktakakostnaður	103.417.000	100,0	24.616
1	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	78.800.770	76,2	0

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 8. tbl. 19. árg. nr. 564 16. maí 2011

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-  
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,  
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og  
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem  
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.  
Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða.  
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og  
áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

## Auglýsingar útboða

### Dyrhólavegur (218) 11-033

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu um 4,7 km Dyrhólavegar, ásamt útlögn klæðingar.

Helstu magntölur eru:

Neðra burðarlag .....	8.830 m <sup>3</sup>
Fláafleygar .....	1.740 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag .....	4.185 m <sup>3</sup>
Netgirðingar.....	1.820 m
Tvöföld klæðing .....	30.650 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa .....	17.730 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2011.

Útboðsgög verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 16. maí 2011. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 31. maí 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Dyrhólavegur

Í sumar verða boðin út nokkur verk undir hattinum „bundið slitlag á umferðarminni vegi“. Þau eru unnin fyrir fjárveitingu í vegáætlun sem ætluð er til styrkingar og lagningar bundins slitlags á umferðarlitla tengivegi. Úboð endurbóta Dyrhólavegar telst til þessara verka.

Ætlunin er að taka mið af vegum þar sem umferð er minni en 150 bílar á dag (ÁDU). Styrking vegarins og burðarþol mun taka mið af algengri umferð um veginn og þar sem gefa þarf afslátt frá ströngustu gildum veghönnunarreglna, eins og í beygjum og blindhæðum, verður gripið til viðeigandi mótvægisáðgerða. Beygjur verða merktar með leiðbeinandi hraða og með stefnuörvum. Blindhæðir verða málaðar með heildreginni línu. Þær verða merktar með viðeigandi umferðarmerki og leiðbeinandi hraða og þeim jafnvel skipt í einstaka tilvikum. Til greina kemur að lækka hámarkshraða ef hönnunarhraði á öllum veginum er almennt lágur eða ef um stuttan veg er að ræða. Reynt verður að fylgja veghönnunarreglum vegna öryggissvæða utan vegar eftir megni.

Á loftmyndinni hér á síðunni má sjá að endbættur vegur fylgir gömlu veglínunni að mestu leyti. ■

## „Áratug aðgerða“ hleypt af stokkunum

Áður birt á vegagerdin.is 11.05.2011

Markmið átakans „Áratugur aðgerða – herferðar um umferðaröryggismál“ er að draga úr banaslysum og alvarlegum slysum í umferðinni á heimsvísu næstu 10 árin og er hvert og eitt aðildarland Sameinuðu þjóðanna hvatt til að setja fram áætlun um aðgerðir í þeim efnum. Byggjast slíkar áætlanir á því sem þegar hefur verið gert í umferðaröryggisáðgerðum og nýjum verkefnum sem einstök ríki vilja leggja áherslu á.

Innanríkisráðherra hleypti verkefninu af stokkunum, að viðstöddum forseta Íslands og velferðarráðherra í miðvikudaginn 11. maí sl. og að því loknu sleppti nemendahópur úr Laugarnesskóla 201 blöðru í loftið sem táknræna minningu um þá sem létust í umferðarslysum hér á landi árin 2001 til 2010.

Talið er að allt að 30 milljarðar fari hér í súginn vegna umferðaróhappa og slysa á hverju ári. Átakinu „Decade of Action“ er ætlað að sporna gegn þessu. Stjórnvöldum um allan heim er ætlað að nota þennan áratug til að efla umferðaröryggi til muna. Styrkja þær stöðir samfélagsins sem þarf til að fækka umferðarslysum umtalsvert en það getur kallað á breytt hugarfar, breyttar forsendur í t.d. vegamálum, breyttar áherslur og forgangsröð.

### Bakgrunnur verkefnisins

Talið er að árlega farist um 1,3 milljónir manna í umferðarslysum á heimsvísu. Ef ekkert er að gert er talið líklegt að árið 2020 verði þessi tala komin upp í 1,9 milljónir dauðsfalla af völdum umferðarslysa. Um 90% þessara umferðarslysa verða í þróunarlöndunum, þ.e.a.s. í löndum þar sem tekjur eru annað hvort lágar eða miðlungs (low-income eða middle-income).

Talið er að um 1-3% af vergri þjóðarframleiðslu aðildarríkja SP fari í kostnað vegna umferðarslysa, sem nemur um 500 milljörðum dollara árlega.

Af þessum orsökum lýsti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna því yfir á fundi sínum í mars 2010 að tímabilið 2011-2020 yrði áratugur aðgerða í umferðaröryggismálum. Stefnt er að því að aðgerðir á landsvísu og í alþjóðulegu samstarfi skili tilætluðum árangri, sjá aðgerðaáætlun.

Í áætlun SP um átak í umferðaröryggismálum á heimsvísu

(The Global Plan for the Decade of Action for Road Safety) eru settar fram tillögur að aðgerðum til að fækka banaslysum og alvarlegum slysum í umferðinni.

Ekki má gleyma því að með auknum ferðalögum skiptir það sífellt meira máli að ferðamenn geti verið öruggir um að staða umferðaröryggismála sé ásættanleg í þeim löndum sem þeir hyggjast ferðast um og má ætla að með öflugri upplýsingum gæti það haft lamandi áhrif á ferðamennsku ef stjórnvöld reyna ekki að hafa þessi mál í réttum farvegi.

Verkefninu er ætlað að skapa ramma um umferðaröryggismál þannig að það auðveldi löndum og sveitarfélögum innan þeirra að draga úr fórnarkostnaði vegna umferðarslysa.

### Markmið verkefnisins

Meginmarkmið verkefnisins Áratugur aðgerða í umferðaröryggismálum 2011-2020 er að með samstilltum aðgerðum fækki umferðarslysum í heiminum og verður úttekt gerð á áttakinu og hverju það hefur skilað árið 2020.

### Umferðarsamningur SP

Mikil áhersla er lögð á að samræma umferðarlöggjöf milli landa eins og unnt er og að aðildarríki SP fullgildi samninga SP á umferðarsviðinu. Ísland fullgildi nýlega Samning Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi og gerðist aðili að honum þann 26. mars sl. Nú er unnið að því að fullgilda samning SP um framleiðslu ökutækja, en í viðaukum við þann samning koma fram samræmdar reglur um framleiðslu ökutækja. Stefnt er að því að Ísland verði aðili að þeim samningi fyrir lok þessa árs.

### Verkefnaáætlun

Á 10 ára tímabili verkefnisins verður mikil áhersla lögð á aðildarríki SP þróa umferðarkerfi sem geta betur tekið á mannlegum mistökum í umferðinni og dregið úr alvarlegum afleiðingum umferðarslysa þegar þau eiga sér stað. Áherslunni verður að vissu leyti beint frá vegfarendum að þeim sem hanna umferðarkerfið, þ.e. yfirvöldum vegamála á landsvísu og í sveitarfélögum. Verkefni þeirra byggjast á því að séð

verði fyrir framlögum til umferðaröryggismála og þar kemur til kasta löggjafarvaldsins og stjórnámamanna. Eftir sem áður er það á ábyrgð vegfarenda að fara eftir þeim lögum og reglum sem gilda í umferðinni. Einnig verður sjónum beint að framleiðendum ökutækja, lögregluþjóföldum, heilbrigðisyfirvöldum, skólum, frjálsum félagsamtökum, fyrirtækjum og stofnunum um að stuðla að framgangi verkefnisins. Lögð skal áhersla á þátttöku allra í verkefninu ekki eingöngu opinberra yfirvalda.

Sameinuðu þjóðirnar hafa skipt verkefnum áratugarins í umferðaröryggismálum í 5 hluta sem eru eftirfarandi:

- Umferðaröryggi vegakerfa
- Öruggeri vegir og hreyfanleiki
- Öruggeri ökutækja
- Öruggeri vegfarendur
- Viðbrögð þegar umferðarslys hefur orðið

Að öðru leyti hafa eftirtalin verkefni verið skilgreind, en þau hafa ekki verið felld inni ofangreinda 5 hluta enn sem komið er. Tekið skal fram að hér er með engu móti um tæmandi upptalningu að ræða:

- Að hvert aðildarland fyrir sig setji sér markmið um fækkun umferðarslysa til ársins 2020.
- Að skráning umferðarslysa verði eflað, bæði á lands- og heimsvísu.
- Að aðildarlönd SP fullgildi samninga SP á umferðarsviðinu.
- Að stuðlað verði að aukinni þróunarsamvinnu til eflingar umferðaröryggis í þróunarlöndunum.
- Að eflað verði þróun sjálfbærra samgangna.
- Að hvatt verði til notkunar almenningssamgangna í auknum mæli.
- Að skoðuð verði viðbrögð við umferðarslysum og hvernig bæta megi viðbragðstíma þeirra sem sinna útkalli.
- Að mælikvörðum í samgöngustefnu aðildarlanda SP verði breytt miðað við aukna áherslu á ábyrgð þeirra sem hanna og viðhalda vegakerfum. ■

## Niðurstöður útboða

### Grassláttur á Suðvestursvæði

2011 - 2012 11-007

Tilboð opnuð 10. maí 2011. Grassláttur á Suðvestursvæði 2011-2012.

Helstu magnþölur á ári eru:

Sláttur .....	1.127.000 m <sup>2</sup>
Kantsláttur .....	192 km

Verki skal að fullu lokið 30. september 2012.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Sláttu- og garðapjónusta Suðurlands ehf., Selfossi *)	19.725.608	121,4	10.412
3	Eilífðarvélín ehf., Reykjavík	17.952.712	110,5	8.639
---	Áætlaður verktakakostnaður	16.247.000	100,0	6.934
2	BSV ehf., Reykjavík	11.450.000	70,5	2.137
1	Garðlist ehf., Reykjavík	9.313.345	57,3	0

\*)Tilboðsupphæð Sláttu- og garðapjónustu Suðurlands sem lesin var upp á opnunarfundi var rangt færð á tilboðseyðublaðið. Rétt upphæð hefur verið færð í töfluna hér að ofan.

## Auglýsingar útboða

### Brú á Kópavogslæk (40)

- viðgerð steypu 11-031

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í viðgerð brúar yfir Kópavogslæk á Hafnarfjarðarvegi (40).

Helstu magnþölur:

Brot og endursteypa .....	5 m <sup>2</sup>
Múrviðgerðir (5-10 mm) .....	40 m <sup>2</sup>
Múrviðgerðir (10-50 mm) .....	10 m <sup>2</sup>
Hreinsun steypu .....	221 m <sup>2</sup>
Sílanúðun steypu .....	221 m <sup>2</sup>
Kústun steypu .....	221 m <sup>2</sup>
Vinnupallar .....	1 HT

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2011.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 17. maí 2011. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 31. maí 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Hér er auglýst útboð steypuviðgerða á brú yfir Kópavogslæk.

## Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Árlega veitir Vegagerðin styrk til rannsóknaverkefna. Styrkirnir eru fjármagnaðir af svonefndu tilraunafé, sem er nú 1,5% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar. Velflestum verkefnum lýkur með því að skrifaðar eru skýrslur og eru þær settar á heimasíðu Vegagerðarinnar öllum opnar til skoðunar. Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni nokkurra af þeim skýrslum sem komið hafa út, en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar ([www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is)), undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

### Lækkun hita við framleiðslu malbiks

– samantekt rannsókna desember 2009

Skýrslan er samantekt niðurstaðna nokkurra rannsókna, sem tengjast framleiðslu malbiks í malbikunarstöð við lægra hitastig en hefðbundið er. Tilraunir voru gerðar með íblöndunarefni í asfaltið. Einnig var gerð tilraun með repjubik og þjálnaukandi viðlöðunarefni. Í skýrslunni er greint frá niðurstöðum einstakra prófana, en ekki er dregin almenn ályktun um hvort lækkun hitastigs við framleiðslu malbiks hafi afgerandi áhrif á útkomu þegar búið er að leggja malbikið á götu eða veg.



### Umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga

– Leiðbeiningar janúar 2010

Árið 2004 var sérstakur stýrihópur skipaður sem m.a. var falið að móta heildarstefnu í umferðaröryggismálum og stilla saman krafta stofnana og annarra aðila sem fara með umferðaröryggismál í landinu. Með áætluninni eru sett fram markmið um aukið umferðaröryggi til ársins



Mynd 2: Dæmi um slysakort af heimasíðu Umferðarstofu – Árbæjarhverfi í Reykjavík 2007-2008

2016 meðal annars þannig að þá verði fjöldi látinna á hverja hundrað þúsund íbúa ekki meiri en það sem gerist lægst hjá öðrum þjóðum. Samræming vinnubragða er mikilvægt skref til að ná markmiðum stjórnvalda í þessum málum. Tilgangur leiðbeininganna er að útbúa ramma fyrir sveitarfélög sem nýtist þeim við vinnslu umferðaröryggisáætlunar.

### Líkanagerð við vatnshæðamæla á vatnasviði

Hvítár – Ölfusár: Sandá rennislíkan janúar 2010

Skýrslan gerir grein fyrir gerð straumlíkans af rennsli við mælistað V408 í Sandá. Landmælingar á árfarvegi og bökkum voru notaðar til þess að gera landlíkan af svæðinu kringum mælinn. Þversnið voru svo dregin út úr landlíkaninu og notuð sem inntaksgögn í ákveðið straumlíkan (HEC-RAS). Það var svo notað til að finna samband vatnshæðar og rennslis til ákvörðunar á stuðlum fyrir lykilsmiði.




Sandá

### Áhrif gufu frá virkjunum við Suðurlandsveg

á umferðaröryggi febrúar 2010

Viðradar hafa verið kenningar um að jarðgufa frá virkjunum á Hellsheiði hafi valdið hálfu á Suðurlandsveginum, einkum í Hveradalabrekku. Í skýrslunni er greint frá athugunum á veðurskilyrðum sem eru líkleg til að beina gufu frá uppsprettum yfir veginn. Þær mælingar sem gerðar voru bentu ekki til að gufa frá virkjuninni sé áhrifavaldur á myndun ísingar á Suðurlandsvegi þar sem hann liggur næstur orkuverinu. Athugun á veðurastæðum þegar hálfuóhöpp hafa orðið benda ekki til að hálfkan hafi verið af völdum gufu frá virkjuninni.



### Tourism, volcanic hazards and education in southern Iceland

mars 2010

(Áfangaskýrsla um verkefnið: Skynjun íbúa og ferðamanna á hættu vegna eldgoss og viðbrögð þeirra við náttúruvá tengdri Kötlu)

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þekking og viðhorf íbúa á náttúruvá tengdri Kötlu og hvernig þeir myndu bregðast við hættunni er breytileg eftir hópum og þarf því að taka tillit til þess við hönnun viðbragðsáætlana. Það var ekki gert fyrir æfinguna árið 2006. Rannsóknin bendir til þess að flestir íbúar myndu bregðast jákvætt við tilskipunum um rýmingu svæðisins en þó hafa margir samverkandi þættir áhrif á það hvort þeir sjái sér fært að fylgja ráðleggingum um varnarviðbrögð. Til að viðbragðsáætlun verði skilvirkari er því nauðsynlegt fyrir stjórnendur neyðar- og rýmingaráætlana að leita samvinnu við bændur, taka tillit til staðbundinnar þekkingar þeirra og hversu tengdir þeir eru við búskapinn og staðinn sem þeir búa á. Mikilvægt er að skipuleggjendur neyðaráætlana tryggi að miðlum upplýsinga og fræðsla til ferðamanna og ferðaþjónustuaðila skili sér í aukinni þekkingu á hættu og neyðarviðbrögðum vegna Kötlugosa. Brýn þörf er á úrbótum svo hægt verði að draga úr áföllum og hættu vegna náttúruhamfara á áhrifasvæði Kötlu því margt bendir til þess að hún gjósi í náninni framtíð og að gos geti hafist með skömmum fyrirvara.

### Fuglalíf á endurheimtum vötnum

á Vesturlandi mars 2010

Í skýrslunni er gerð grein fyrir framvindu og fyrstu niðurstöðum verkefnisins, en markmið þess er að varpa ljósi á áhrif endurheimtar á fuglalíf og meta árangur aðgerða. Fuglalíf á




endurheimtum vötnum og tjörn-um á Vesturlandi var rannsakað og borið saman við óröskuð vötn og tjarnir á sama svæði. Fyrstu niðurstöður benda til að endurheimt hafi haft mjög jákvæð áhrif á fuglalíf vatnanna og fjöldi tegunda er svipaður og á óröskuðum vötnum í nágrenni. Hins vegar kom í ljós að svæðisbundinn munur er á fuglalífi vatna, óháð því hvort þau eru endurheimt eða náttúruleg, sem tengist jarðgrunni og landgerð.

### Öryggisplön við snjóflóðasvæði á þjóðvegum – vinnuleiðbeiningar

mars 2010

Í ritinu eru öryggisplön skilgreind sem sér hönnuð plön eða svæði við hlið vegar þar sem hægt er að koma fyrir vettvangsstjórn með nauðsynlegum búnaði og farartækjum viðbragðsaðila. Markmið leiðbeininganna er að leggja línur um stærð og staðsetningu þessara öryggisplana. Skilgreining örugggra svæða, unnar af aðilum sem hafa sérþekkingu á snjóflóðum, þarf að liggja fyrir áður en staðsetning plananna er ákveðin.



### Mat á eiginleikum malbiks fyrir íslenskar

aðstæður mars 2010

Skýrslan fjallar um prófanir sem gerðar voru í tveimur rannsóknaverkefnum um eiginleika íslensks malbiks sumarið 2009 fram á vetur 2010. Við athuganir voru notuð ný prófunartæki, annars vegar hjólfarataeki, sem metur skriðeiginleika malbiks og hins vegar s.k. Prall slitþolsmælitæki (slitþol gagnvart nagladekkjaáraun). Tekið er fram að túlkun niðurstaðna byggir á fáum mælingum, en þær hafa þó í megin dráttum endurspeglad það sem búist var við, þó oft sé ekki mikill munur á mæligildum. Í flestum tilvikum eru skriðmæligildi á íslensku malbiki hærra en búast hefði mátt við en að sama skapi eru slitmæligildi lægri. Vardandi síðara atriðið er bent á að aðeins hefur verið prófað malbik með slitsterku steinefni.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
11-030 Vetrarþjónusta 2011-2014, Vegamót - Borgarnes - Brattabrekka	2011
11-021 Ólafsfjarðarvegur (82), snjófóðavarnir við Sauðanes	2011
11-020 Vetrarþjónusta 2011-2014, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri	2011
11-019 Vetrarþjónusta 2011-2014, Brjánslækur - Bildudalur	2011
11-017 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Straumsvík	2011
11-012 Hringvegur (1), Norðausturvegur - Hruteyjarkvísl, styrking og endurbætur	2011
11-011 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, malbik	2011
11-013 Styrkingar og yfirlögn á Norðaustursvæði 2011	2011
11-004 Girðingar á Suðursvæði 2011	2011
11-005 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2011	2011
11-015 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2011, norðurhluti	2011
11-009 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, austurhluti, klæðing	2011
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
11-033 Dyrhólavegur	16.05.11 31.05.11
11-031 Brú á Kópavogslæk (40), - viðgerð steypu	16.05.11 31.05.11
11-002 Yfirlagnir á Suðursvæði, klæðing 2011	09.05.11 24.05.11
11-008 Yfirborðsmerkingar á Suðvestursvæði og Suðursvæði 2011-2012, sprautuplast og mössun	09.05.11 24.05.11

Auglýst útboð, framhald	Auglýst:	Opnað:
11-032 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2011, repave eða fræsing og malbik	09.05.11	24.05.11
11-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2011, malbik	09.05.11	24.05.11
10-012 Efnisvinnsla á Vesturlandi 2011	02.05.11	17.05.11
11-024 Brú á Pambá (68), viðgerð steypu	02.05.11	17.05.11
11-025 Brú á Tunguá (68), viðgerð steypu	02.05.11	17.05.11
11-026 Brýr á Hrófá og Fellsá (68), viðgerð steypu	02.05.11	17.05.11
11-027 Brú á Þorskaftjarðará (60), sandblástur og málun	02.05.11	17.05.11
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
11-007 Grassláttur á Suðvestursvæði 2011-2012	18.04.11	10.05.11
11-009 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2011, klæðing	18.04.11	10.05.11
11-022 Skeiðháholtsvegur	11.04.11	27.04.11
11-023 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2011, blettanir slitlaga	11.04.11	27.04.11
11-014 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2011, austurhluti	11.04.11	27.04.11
10-058 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Grænás	07.03.11	22.03.11
10-057 Hringvegur (1) brú á Ystu - Rjúkandi	04.10.10	26.10.10
Samningum lokið	Opnað:	Samið
Ekki hefur verið lokið við neina samninga frá því síðasta tölublað kom út		
Forval í vinnslu	Auglýst:	Opnað:
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	03.05.11



Framkvæmdir við breikkun Hringvegur (1), Vesturlandsvegur, sunnan Þingvallavegar eru nú í gangi.